



# HI

DIPLÓMANÁM Á MEISTARASTIGI

## Hjúkrunarstjórnun og forysta

UMSÓKNARFRESTUR TIL OG MEÐ 15. APRÍL

### Um námið

Þekking í hjúkrunarstjórnun og forystu er mikilvæg öllum hjúkrunarfræðingum og hefur áhrif á gæði heilbrigðisþjónustu. Hjúkrunarstjórnun felur í sér samþættingu hjúkrunar meðferða, skipulags, mannauðs, aðfanga og fjár og varðar nýtingu bestu þekkingar og rekstur heilbrigðisstofnana. Námið samanstendur af skyldunámskeiðum um stjórnun, forystu og rekstur og valnámskeiðum þar sem nemendur geta aukið þekkingu sína á ákveðnum sviðum stjórnunar og forystu.

### Að námi loknu

Nemendur geta fengið hluta af diplómanámi sínu metið inn í nám til meistaraþrúfs við Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild Háskóla Íslands. Skilyrði er lágmarkseinkunn 6,0 í einstökum námskeiðum í diplómanámi og 6,5 í meðaleinkunn til að það sé metið inn í meistaranám. Námskeiðið Fræðileg aðferð er ekki metið inn í meistaranám.

### Markmið

Í viðbótardiplómanámi á meistarastigi í hjúkrunarstjórnun er lögð áhersla á að dýpka þekkingu, skilning og færni nemenda á sviði stjórnunar og forystu í hjúkrun og heilbrigðisþjónustu og þar með undirbúa þá til starfa sem stjórnendur og leiðtoga í hjúkrun.

### Inntökuskilyrði

BS-próf í hjúkrunarfræði eða samsvarandi próf með að lágmarki 6,5 í aðaleinkunn úr BS-prófi, góð enskukunnátta og íslenskt hjúkrunarleyfi. Ekkert er því til fyrirstöðu að diplómanemendur taki önnur námskeið á meistarastigi þó þau tilheyri ekki námsleiðinni, ef forkröfur leyfa, sem koma þá ekki til gráðu.



# HI

HJÚKRUNAR- OG  
LJÓSMÓÐURFRÆÐIDEILD

Sótt er um rafrænt á [hi.is](https://hi.is)  
Nánar á [hjukrun.hi.is](https://hjukrun.hi.is)